



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Lagabreytingar vegna innleiðingar
Evrópuráðssamnings um varnir gegn
kynferðislegri misnotkun barna**

**Ráðstefna um meðferð kynferðisbrota
föstudaginn, 20. janúar 2012**

Róbert R. Spanó

Samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun

- Samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins 12. júlí 2007.
- Undirritaður af Íslands hálfu 4. febrúar 2008.
- Meginmarkmið samningsins, sbr. 1. gr.:
 - að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum.
 - að vernda réttindi barna sem eru þolendur misneytingar og kynferðislegrar misnotkunar
 - að efla samstarf ríkja um baráttuna gegn kynferðislegri misnotkun á börnum
- Íslensk löggjöf þegar að mestu leyti í samræmi við ákvæði samningsins.

Helstu efnisatriði frumvarpsins

Að falast eftir börnum í kynferðislegum tilgangi (e. grooming)

- Ákvæði 23. gr. Evrópuráðssamningsins.
- “Hver sem með samskiptum á netinu eða annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði, önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.”
- Horfið frá því að byggja refsíabyrgð á tilraunarákvæði 20. gr. hgl.
- Dómar Hæstaréttar frá 23. október 2008 í málum nr. 584/2007, 585/2007 og 609/2007.

Barnaklám

- Ákvæði 20. gr. Evrópuráðssamningsins
- Ákvæði 4. mgr. 210. gr. varðandi barnaklám fært í sérstaka grein um sama efni, 210. gr. a og b.
- Helstu nýmæli:
- Andlag barnakláms rýmkað: Ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna einstaklinga 18 ára og eldri á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, enda séu þeir í hlutverki barns, eða ef líkt er eftir barni í slíku efni þó að það sé ekki raunverulegt, svo sem í teiknimyndum eða öðrum sýndarmyndum.
- Refsivert verði að skoða barnaklám á netinu eða í gegnum annars konar upplýsinga- eða fjarskiptatækni.

Þátttaka barna í nektarsýningum

- Ákvæði 21. gr. Evrópuráðssamningsins.
- Sérstöku ákvæði bætti í almenn hegningarlög um þátttöku barna í nektar- eða klámsýningu:
 - Ákvæðið þegar að hluta til í barnaverndarlögum.
 - Refsivert verði að ráða barn til þátttöku í nektar- eða klámsýningu, að skipuleggja slíka sýningu eða valda því með öðrum hætti að barn taki þátt sem og að hafa ávinning af því að barn taki þátt í slíkri sýningu. Ef brot er stórfelkt verði það fangelsi allt að 6 árum
 - Refsivert verði að sækja nektar- eða klámsýningu þar sem barn tekur þátt.

Lenging fyrningarfrests

- Ákvæði 33. gr. Evrópuráðssamningsins.
- Fyrningarfrestur vegna eftirtalinna brota hefjist ekki fyrr en við 18 ára aldur þess barns sem í hlut á:
 - Ákvæði 2. og 4. mgr. 206. gr. hgl.
 - Að greiða eða heita gjaldi fyrir vændi barns.
 - Að ginna, hvetja eða aðstoða barn til vændis.
 - Ákvæði 1. mgr. 210. gr. b hgl.
 - Að ráða barn til að taka þátt í nektar- eða klámsýningu.
 - Að skipuleggja eða valda því með öðrum hætti að barn taki þátt í nektar- eða klámsýningu.
 - Að hafa ávinning af því að barn taki þátt í nektar- eða klámsýningu.
 - Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a hgl.
 - Mansal barna - Ekki áskilið í samningnum .

Nokkur orð að lokum um barnið og refsilöggjöfina